

SYREN

Engar fleiri málamiðlanir

Í aldanna rás hafa skotvopn í raun verið hönnuð fyrir karlmenn þar sem skotfimi var upphaflega talin sáeina karlmönnum en ekki konum. Þó konur hafi verið áhugasamar um skotfimi og sýnt fram á góðan árangur á skotvöllum og til veiða, hafa framleiðendur almennt ekki farið út í það að hanna heildstæða línu sem passar og hentar kvenfólk. Einfaldlega vegna kostnaðar og að þeir hafa talið að konur séu fremur áhugalausar um skotfimi ásamt öðrum þáttum. Þó eru til framleiðendur sem hafa hannað og framleitt eina, tvær eða örliðið fleiri haglabyssur fyrir konur en án nákvæmrar rannsóknar um hvað konur þurfa í raun þegar kemur að haglabyssum. Aðrir framleiðendur hafa boðið úr sinni framleiðslu haglabyssur sem eru hannaðar fyrir unga karlmenn sem lausn fyrir konur.

Hér á eftir verður fjallað um þá framleiðendur sem hafa lagt sig hvað mest fram síðasta áratuginn hvað varðar hönnun og framleiðslu á haglabyssum fyrir konur og eru í dag brautryðjendur á þessu sviði.

Þetta byrjaði allt fyrir 10 árum síðan, árið 2014, þegar tveir skotvopnaframleiðendur í Brescia héraðinu á Ítalíu sameinuðust um rannsóknir, hönnun og framleiðslu á því sem í dag er breiðasta haglabyssulína hönnuð eingöngu fyrir konur, SYREN.

SYREN línan er hönnuð og framleidd af Caesar Guerini S.r.l og Fabarm S.r.l. Fyrirtækin búa yfir mannaúði með mikla reynslu og þekkingu sem er óspart notuð til að hanna og framleiða gæðavörur. Félögini eru með mismunandi áherslur í framleiðslu. Caesar Guerini einbeitir sér að framleiðslu á tvíhleypum í hæsta gæðaflokki, t.d. framleiða þeir hina vel þekktu INVICTUS línu. Fabarm heldur í sína riflega 120 ára hefð og framleiðir gæða skotvopn á viðráðanlegu verði sem hafa enst vel í gegnum árin og sannað sitt gildi.



SYREN hefur verið á markaði í 10 ár og notið vaxandi vinsælda hjá konum sem stunda skotveiðar og/eða íþróttaskotfimi um allan heim. Ekki bara hefur SYREN línan náð miklum vinsældum hjá konum sem stunda skotfimi að einhverju leyti eða öllu, heldur einnig dregið að konur sem höfðu aldrei komið nálægt haglabyssuskotfimi því þær eru forvitnar og vilja sjá og prófa haglabyssurnar sem eru hannaðar sérstaklega fyrir þær. Einig hafa konur sem áður hafa prufað að skjóta úr hefðbundnum haglabyssum snúið aftur og stundað skotfimi af krafti. Margar af þessum konum sem höfðu áður prufað að skjóta fundu sig ekki í skotfiminni þar sem þeim fannst þær ekki valda haglabyssunni sökum stærðar, þyngdar, rangrar afstöðu ofl. Ekki nema von, haglabyssurnar voru hannar fyrir karlmenn. SYREN línan breytti þessu öllu.

Eins og áður hefur verið sagt ákváðu ítolsku skotvopnaframleiðendurnir Caesar Guerini S.r.l. og Fabarm S.r.l. að setja saman hönnunarteymi sem hafði þann eina tilgang að hanna haglabyssur sem passa og henta konum. Framleiðendurnir tveir fengu til liðs við sig aðila sem þekkir vel til í skotfimi, Wesley Lang, forstjóra Caesar Guerini og Fabarm í Bandaríkjunum. Lang var gert að leiða hönnunarteymi SYREN og hafa yfirumsjón með að koma SYREN línumni á markað. Sem sjálfstæð deild hjá Caesar Guerini og Fabarm, er

markmiðið með Syren að hanna og bjóða vörur sem passa flestum konum beint upp úr kassa án þess að þurfa fara í kostnað vegna breytinga. Sem sagt, Syren haglabyssur og fylgihlutir eru hannaðir af konum sem búa yfir þekkingu og skilningi um hverjar þarfir kvenna í skotfimi eru.

Allir sem koma að Syren verkefninu, hafa skuldbundið sig til að hanna og framleiða vörur sem hægt er að stóla á svo ekki þurfi frekari málamiðlanir þegar kemur að notkunargildi, gæðum og endingu á haglabyssunum gagnvart þörfum kvenna í skotfimi.

„Engar fleiri málamiðlanir“

(*No More Compromises*) er slagorð verkefnisins

„Aldrei aftur tilsnsiðin karlaskefti, aldrei aftur kjánalega málúð skefti til að gera byssurnar kvenlegri, aldrei aftur skotvopn hönnuð fyrir ungmanni sett upp sem eina valið fyrir konur, aldrei aftur stytta skefti til að haglabyssan passi betur, aldrei aftur hár kostnaður á sérsniðnum skeftum.“ Syren línan er einfaldlega hönnuð og sniðin að líkamsbyggingu kvenna og passar flestum konum beint úr kassanum án utanaðkomandi breytinga. Ofangreindir þættir voru meðal annars hluti af því sem hönnunarteymi Syren vann með í hönnun á SYREN línum.

Með komu SYREN línum varð vendipunktur á skotvopnamarkaðnum þar sem fókusinn var ekki bara að hanna haglabyssur fyrir konur heldur einnig að bjóða upp á sömu gæðin og þekkjast í hefðbundnum vönduðum og góðum haglabyssum. Ekkert er undanskilið. Fyrirtækin tvö deila með sér framleiðslunni inn í SYREN línum. Caesar Guerini hannar fyrsta flokks tvíhleypur í hæsta gæðaflokki sem gefa sambærilegum karlabyssum ekkert eftir, SYREN Tempio og SYREN Julia.

Fabarm heldur í sína riflega 120 ára gömlu framleiðsluhefð og framleiðir góðar og áreiðanlegar tvíhleypur og hálfsjálfvirkar haglabyssur sem staðist hafa tímans tönn eins og t.d. SYREN D2, SYREN Elos, SYREN L4S og SYREN XLR5.

Hvað gerir SYREN línum öðruvísi en haglabyssur frá öðrum framleiðendum?

Þar sem konur eru með allt aðra líkamsbyggingu en karlmenn er ekki hægt að hanna eitthvað sem passar karlmönnum og segja að það passi konum. Nokkur



atriði ber á milli fyrir utan þau augljósu en meðal þess sem munar er eftirfarandi:

- Kinnbein kvenna sitja almennt hærra hlutfallslega á höfuðkúpu en hjá karlmönnum og því þurfa konur hærri skefti til að fá rétta afstöðu þegar verið er að skjóta.
- Hendur á konum eru almennt, ekki þó alltaf, minni en á karlmönnum. Handarbak er grennra, fingur almennt styttri, sem gerir það að verkum að konur eiga erfiðara með að halda utan um hefðbundin skefti sem eru hönnuð með karlmenn í huga ásamt því að ná vel í gikkinn.
- Hálsinn á konum er einnig almennt hlutfallslega lengri heldur en á karlmönnum og því þarf að taka þann þátt inn í hönnunina.
- Svo það sem skiptir mestu máli, karlmenn og konur eru ekki eins vaxin á brjóstkassa og því þarf að huga að þeim þætti. Konur eru jú með brjóst en karlmenn almennt ekki.

Ofangreindir þættir vógu mest í hönnun á SYREN. Lausnin var að notast við endurhannað Monte Carlo afturskefti með mjórra gripi og framskefti hannað með það sama í huga. Partur af hönnuninni var að breyta afstöðu afturenda afturskeftis þannig að skeftið væri ekki að lenda eins mikið á brjósti notandans með tilheyrandi óþægindum. Til að leysa þetta var neðri hluta skeftisenda snúið frá brjósti og fláinn niður á við, aftan á skeftinu, aukinn til að afturendi skeftis passi betur að líkamsbyggingu kvenna.



Hönnunin á SYREN heppnaðist það vel að sífellt fleiri konur um allan heim velja SYREN og vilja ekkert annað. Haglabyssurnar eru þannig hannaðar að nánast allar konur geta fundið haglabyssu sem hentar þeim án þess að þurfa fara í kostnaðarsamar breytingar. Þetta er eitthvað sem fáir haglabyssu-framleiðendur bjóða upp á sem staðlaða vörú í dag en vonandi breytist það hratt og vel konum til framfara og yndisauka í skotfimi.

Syren línan hefur í dag mestu víddina sem konur geta valið úr frá einni framleiðslulínu. Um er að ræða 6 grunntegundir, sem í sumum tilfellum skiptast upp í veiði- eða keppnislínur. Ýmsar útfærslur bætast við og breyta haglabyssunum eftir tilgangi notkunar. Ofan á það koma mislöng hlaup og hlaupgerðir, mismunandi Gauge stærðir, nokkrar gerðir miðunarlista að velja úr, mismunandi framskeftisgrip, lóð á hlaupin, bakslagsdempari inn í afturskefti þar sem það á við, hækkanlegur bakskeftiskambur úr tré eða gúmmií ofl., ofl. Allar konur eiga að finna eitthvað sem hentar þeim.

Andrea Bogard, skotfimileiðbeinandi Lady shooter Lifestyles, hafði til að mynda þetta að segja um SYREN Julia:

„Julia er mun meira en bara falleg haglabyssa. Hún er sannur hápunktur hönnunarteymis SYREN hvað varðar framúrskarandi gæði, tilgangstengda hönnun, árangursdrifna hágæða haglabyssu fyrir konur í skotfimi.“

Holly A. Heyser, Clay Target Nation, segir um SYREN Elos Sporting:

„Í Elos Sporting er að finna gæði pökkuð í eina haglabyssu á viðráðanlegu verði í flokki yfir/undir haglabyssu. Byssan er vel hönnuð, frágangurinn á milli járns og viðar er flekklaus. Tyrkneski viðurinn í skeftunum er guðdómlegur.“

Dee Orr, skotfimileiðbeinandi Clay shooting USA, hafði þetta að segja um L4S Sporting hálfsjálfvirku haglabyssuna:

„Margar konur berjast við að hafa nægan styrk í framskeftishendi, styttra framskefti jafnast á við minni hlaupþyngd sem gerir byssuna meðfærilegri og móttækilegri fyrir konur í skotfimi.“

Rose Bier, NRA American Hunter, hafði þetta að segja um SYREN XLR5 Waterfowler:

„Fáarleg í bæði vinstri og hægri handar útfærslum, hönnun XLR5 er úthugsuð til að mæta þörfum veiðikvenna, mest áberandi í hönnuninni á skeftum.“

Gunni Sig ehf. Veiðibúðin sér um sölu á öllum vörum Caesar Guerini og Fabarm á Íslandi ásamt vörum frá öðrum framleiðendum. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að fara inn á vefsíðu Veiðibúðarinnar www.veidibudin.is.

